

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 17. janúar 2020

Umsögn Landverndar við drög að reglugerð um fiskeldi (mál nr. 312/2019)

Landvernd hefur farið yfir reglugerðina og gerir nokkrar athugasemdir.

Með reglugerðinni virðist sem svo að nokkuð sé gefið eftir af opinberu eftirliti með iðnaði (fiskeldi í opnum sjókvíum) sem veldur náttúrunni skaða. Reglugerðin tekur litið tillit til áhrifa á náttúruna, vatnsgæði, villta laxastofna og lífríki sjávar. Þrátt fyrir háleit markmið og fögur loforð um breytingar á lögum um fiskeldi, er dregið úr gæðum og kröfum um náttúruvernd í víðu samhengi með þeim drögum sem nú liggja fyrir um reglugerð.

Landvernd telur eðlilegt að sjálfstæð og óháð stofnun sinni tíðu (vikulegu?) eftirliti með öllum fiskeldisstöðvum og þeim áhrifum sem starfsemi þeirra hefur á lífríki sjávar og aðra þætti umhverfisins. Eðlilegt er að niðurstaða eftirlitsins sé gegnsæ og niðurstöður birtar í opinberlega. Núverandi kröfur um vöktun eru veikburða og miðaðar að þörfum fiskeldisfyrirtækja. Auk þess gera reglugerðardrögin ráð fyrir því að fiskeldisfyrirtækin hafi að hluta til eftirlit með sjálfum sér, sem er með öllu óásættanlegt.

Finna má dæmi þess í Noregi að upplýsingar sem þessar séu birtar opinberlega og þannig öllum aðgengilegar, sjá vefsíðu Barentswatch; <https://www.barentswatch.no/fiskehelse/2020>.

Landvernd bendir á að North Atlantic Salmon Conservation Organization (NASCO) hefur gefið út staðla sem eðlilegt væri að innleiða hér á landi. Staðlar stofnunarinnar gefa meðal annars nákvæmar og vel ígrundaðar leiðbeiningar um 1) meðhöndlun á laxalús, 2) viðbrögðum við slysasleppingum og stroki, 3) sjúkdómum og sníkjudýrum, 4) mengun og 5) gæðaeftirliti og þeim kröfum sem rétt er að gera við eftirlit.

Staðlar NASCO eru stuttir og hnitmiðaðir, aðeins um þrjár blaðsíður, en mikilvæg áminning um þau umhverfisáhrif sem fiskeldi í opnum sjókvíum hefur. Hér er ekki aðeins átt við laxeldi heldur einnig eldi á bleikjum, silung og öðrum fisktegundum. Þá taka staðlarnir einnig mið af þeim áhrifum sem fiskeldi hefur á annað lífríki sjávar, vegna úrgangs, lúsameðferðar, fóðrunar og fleiri þátta.



Að lokum er vert að taka fram að meginþorri þeirra fyrirtækja sem starfrækja fiskeldi í opnum sjókvíum hér á landi eru í eigu norskra aðila. Í Noregi sæta þau ströngum kröfum um eftirlit og upplýsingagjöf. Ekki verður séð að nokkur ástæða sé til þess að gefa afslátt af slíkum kröfum á Íslandi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri